



## Samþykkiseyðublað vegna sérstakrar vinnslu persónuupplýsinga

Hjúkrunarheimilið Sóltún heldur úti opinberri Facebook síðu þar sem fjallað er um starfsemi heimilisins og gjarnan eru þar birtar myndir frá viðburðum eða úr daglegu starfi heimilisins.

Hjúkrunarheimilið Sóltún heldur einnig úti heimasíðu á vefslóðinni [www.soltun.is](http://www.soltun.is) þar sem birtar eru upplýsingar um starfsemi félagsins, m.a. myndir frá starfi og samskiptaupplýsingar við tiltekna starfsmenn.

Þá gefur Hjúkrunarheimilið Sóltún reglulega út fréttabréf um starfsemi félagsins sem sent er út til íbúa/ættingja/áskrifenda og liggur jafnframt frammi á heimilinu

Notkun á Facebook og útgáfa fréttabréfs/bæklinga er fyrst og fremst hugsað sem liður í kynningu á starfsemi heimilisins og fyrir íbúa og aðstandendur til að fylgjast með því starfi og þeim viðburðum sem fram fara á vegum heimilisins.

Upplýsingum Facebook notenda í Evrópu er, samkvæmt persónuverndarskilmálum Facebook, stýrt af Facebook í Írlandi. Gögn notenda eru þó send, vistuð eða unnin í þriðju löndum, svo sem Bandaríkjunum, og eru þar með ekki vernduð af almennu persónuverndarreglugerðinni (REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/679, frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB).

Heimasíðan er unnin af fyrirtækinu Advania og hýst hér á landi. Gerður hefur verið vinnslusamningur við vefumsjónaraðila um vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem á henni eru birt.

Fréttabréfið og bæklingar Sóltúns eru framleidd hér á landi og er hjúkrunarheimilið Sóltún útgefandi þeirra, Prenta hf. sér um prentunina.

Hjúkrunarheimilið Sóltún er ábyrgt fyrir þeim persónuupplýsingum sem birtast á opinberum síðum og fréttamiðlum heimilisins. Sóltún leitast við að takmarka eftir fremsta megni þær persónuupplýsingar sem settar eru þar inn og birtir einungis myndir og nöfn þeirra sem veitt hafa samþykki sitt fyrir slíkri birtingu nema um sé að ræða myndir frá opinberum viðburðum heimilisins. **Þá mun félagið aldrei taka og birta myndir eða myndbönd af aðilum í viðkvæmum aðstæðum eða án hans vitundar.**

Engum er skylt að samþykkja myndbirtingar eða nafngreiningu á opinberum síðum eða fréttamiðlum heimilisins.

Hjúkrunarheimilið Sóltún óskar því eftir því að ættingjar láti vilja sinn í þessum efnum í ljós með því að svara neðangreindum spurningum. Tekið skal fram að ættingi getur á hvaða tímapunkti sem er breytt afstöðu sinni og skal erindi þess efnis sent persónuverndarfulltrúa heimilisins, sem er:

Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir,  
[personuvernd@samtok.is](mailto:personuvernd@samtok.is),  
sími 5 600 201





	Já	Nei
Ég óska eftir að vera á tölvupóstlista hjúkrunarheimilisins Sóltúns og fá sendar upplýsingar/markpóst/fréttabréf um það sem er á döfinni á hjúkrunarheimilinu		
Ég óska eftir að fá aðgang að aðgangsstýrðum íbúa- og ættingjavef hjúkrunarheimilisins Sóltúns		
Ég samþykki að myndir sem teknar eru af mér á hjúkrunarheimilinu Sóltúni séu birtar á opinberri Facebook síðu hjúkrunarheimilisins Sóltúns		
Ég samþykki að þær myndir séu birtar á heimasíðu hjúkrunarheimilisins Sóltúns		
Ég samþykki að þær myndir séu birtar í fréttabréfi hjúkrunarheimilisins Sóltúns		

**Með undirritun minni staðfesti ég að mér hafa verið kynntar ofangreindar upplýsingar um sérstaka vinnslu persónuupplýsinga, að ég skilji þá áhættu sem felst í því að persónuupplýsingar mínar séu vistaðar á opinberum síðum félagsins, að vilji minn sé í samræmi við svör mín í ofangreindri töflu og að ég hafi ekki verið beitt(ur) þvingunum á nokkurn hátt við ákvörðun mína.**

Undirskrift

Staður og dagsetning

Nafn aðstandanda og kennitala

Tölvupóstfang aðstandanda

Nafn íbúa

Ath. Hver aðstandandi þarf að fylla út sitt eigið samþykkisblað.